

Garðar Haukur Steingrímsson

Kt.: [...]

Heimilisfang: [...]

Akureyri, 26.03.2024

Tilv. 2023-07-12-0682

Efni: Brottkast. Svipting veiðileyfis. Strandveiðar. Ítrekun. Gammur II SK-120 (2319).

I. Málsatvik

Fiskistofa hefur lokið meðferðar máls er varðar meint brot áhafnar, og eftir atvikum útgerðar, fiskiskipsins Gammur II SK-120, skipaskrárnúmer 2319, gegn 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 og 6. tölul. 6. mgr. 6. gr. a í lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, í strandveiðiferð skipsins þann 22. júní 2023. Lögskráður skipstjóri í þeirri veiðiferð er málið varðar, var Garðar Haukur Steingrímsson, kt. [...], sem er jafnframt eigandi og útgerðaraðili skipsins. Málsatvikum er þannig lýst í skýrslu veiðieftirlitsmanna Fiskistofu, dags. 7. nóvember 2023, að þann 22. júní 2023, voru veiðieftirlitsmenn við eftirlit í austanverðum X. Þeir hafi veitt því athygli að Gammur II SK-120 (2319) var við strandveiðar á svæðinu. Þeir sendu ómannað, fjarstýrt loftfar búíð myndupptökubúnaði, til að fylgjast með veiðum skipsins. Tekið var á loft frá landi við X og flogið um 4,9 km að skipinu. Tekin voru upp tvö myndbönd í tveimur eftirlitsflugum yfir skipinu og er samanlögð lengd þeirra 13:55 mínútur. Fljótlega eftir að eftirlitið hófst hafi eftirlitsmenn orðið vitni af því þegar skipstjóri, sem var einn um borð, kastaði fiski fyrir borð með þeim afleiðingum að hann hafnaði í sjónum, og var þá myndupptökubúnaður flugfarsins virkjaður. Á meðan á upptökum stóð hafi eftirlitsmenn orðið vitni af því þegar skipstjóri kastaði tveimur (2) ufsum til viðbótar fyrir borð með þeim afleiðingum að þeir höfnuðu í sjónum. Af þeim sökum er skipstjóri fiskiskipsins Gammur II SK-120 (2319) grunaður um að hafa brotið gegn ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 og 6. tölul. 6. mgr. 6. gr. a í laga nr. 116/2006 með því, að hafa ekki hirt og landað þeim framangreindu tveimur ufsum, sem komið höfðu í veiðarfæri fiskiskipsins þann 22. júní 2023.

II. Lagagrundvöllur

Í 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996, segir að skylt sé að hirða og koma með að landi allan afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa. Ráðherra hefur þó heimild til að heimila með reglugerð að fiski af verðlausum tegundum sé ekki landað heldur varpað í sjóinn, sbr. reglugerð um nýtingu afla og aukaafurða nr. 468/2013. Slík reglugerðarákvæði skulu túlkuð þröngt. Í 6. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 segir að skylt sé að landa öllum afla í lok hverrar (strand)veiðiferðar og skal hann veginn og skráður endanlega hér á landi. Þá segir í 24. gr. sömu laga að Fiskistofa skuli veita áminningar og svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni, eða eftir atvikum leyfi til strandveiða, fyrir brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum um umgengni um nytjastofna sjávar. Ef veiðitímabili er lokið áður en ákvörðun Fiskistofu um sviptingu veiðileyfis tekur gildi, eða gildistíma sviptingar lýkur, skal leyfissvipting samkvæmt ákvörðuninni gilda við útgáfu næsta veiðileyfis. Brot gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 og 6. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006 geta varðað stjórnsluviðurlögum, þ.e. sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni (eða eftir atvikum leyfi til strandveiða skv. 24. gr. laga nr. 116/2006)



skv. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 eða skriflegum áminningum skv. 3. mgr. 15. gr. sömu laga. Þá geta brotin jafnframt varðað refsingum, sektum eða fangelsi allt að sex árum. Brotin teljast fullframin hvort sem það er með refsinnæmri athöfn eða athafnaleysi og hvort sem það er framið af ásetningi eða gáleysi. Þá er í báðum lögum lögfest hlutlæg refsíabyrgð lögaðila gegn ákvæðum laganna, að nánari skilyrðum uppfylltum.

III. Athugasemdir málsaðila

Með bréfi Fiskistofu, dags. 5. febrúar 2024, var málsaðili upplýstur um að málið hafi verið tekið til meðferðar og að til rannsóknar væri hvort skipstjóri fiskiskipsins Gammur II SK-120 (2319), hafi gerst brotlegur við lög nr. 57/1996 og lög nr. 116/2006. Þar var málsatvikum lýst, leiðbeint um lagaatriði og aðila málsins gefinn kostur á að koma andmælum og athugasemdum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framin og eftir atvikum ákvörðun um viðurlög. Jafnframt var athygli málsaðila vakin á fyrri ákvörðun Fiskistofu, dags. 29. september 2022, þar sem sama skip málsaðila, Gammur II SK-120 (2319), var svipt leyfi til veiða í atvinnuskyni í tvær vikur skv. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 vegna brottkasts áhafnar skipsins þann 23. mars 2022 á sextán (16) fiskum, sbr. 2. mgr. 2. gr. sömu laga (málsnr. 2022-03-30-1441). Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá dagsetningu hennar skv. 19. gr. sömu laga. Upplýst var um að verði niðurstaða þessa máls sú, að brot hafi verið framin, mun framangreind ákvörðun hafa áhrif á beitingu viðurlaga sbr. síðari máls. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996. Engar athugasemdir málsaðila bárust Fiskistofu. Málið er því afgreitt með hliðsjón af gögnum og málsatvikum eins og þeim er lýst að framanverðu.

IV. Niðurstaða og rökstuðningur

Fyrir liggur að skipstjóri fiskiskipsins Gammur II SK-120 (2319) hélt til strandveiða þann 22. júní 2023, og kastaði eða varpaði tveimur (2) ufsum fyrir borð, er komið höfðu í veiðarfæri skipsins, með þeim afleiðingum að þeir féllu aftur í sjóinn. Á skipstjóra skipsins lá skýr skylda til að hirða og landa öllum aflu sem kom í veiðarfæri skipsins í umræddri strandveiðiferð, og sjá til að hann yrði veginn og skráður, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 og 6. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006. Ufsi er tegund sem lýtur takmörkun á leyfilegum heildaraflu skv. 2. mgr. 8. gr. sbr. 3. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 og 2. gr. þágildandi reglugerðar um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2022/2023 nr. 972/2022, og því eiga undantekningarreglur í 2. gr. reglugerðar um nýtingu aflu og aukaafurða nr. 468/2013 ekki við um ufsa. Um tegundina gildir því skýr skylda skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 til að hirða hana og landa, sbr. jafnframt 6. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006, og er bannað að varpa ufsa fyrir borð komi hann í veiðarfæri fiskiskipa. Á skipstjóra lá því skilyrðislaus skylda til að hirða og landa öllum aflu sem kom í veiðarfæri skipsins í umrætt sinn, og sjá til að hann yrði veginn og skráður.

Ástand og stærð aflu leysir skipstjóra ekki undan skyldu til að hirða og landa öllum aflu sem kemur í veiðarfæri skips í samræmi við ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Komi afli í veiðarfæri skips, sem er selbitinn eða skemmdur á annan hátt, sem ekki er unnt að komast hjá við tiltekna veiðar, skal ekki reikna þann aflu til aflamarks, eftir atvikum ekki draga frá því aflamagni sem ráðstafað er til strandveiða, enda sé honum haldið aðskildum frá öðrum aflu skipsins og hann veginn og skráður sérstaklega. Þennan aflu er eingöngu heimilt að nýta til bræðslu. Skipstjóra er jafnframt heimilt á strandveiðum, eins og í máli þessu, að landa ákveðnu magni ufsa, sem ráðherra ákveður með reglugerð, án þess að sá afli teljist til hámarksaflu skv. 5. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006, sbr. síðari máls. 9. mgr. 6. gr. a sömu laga. Skipstjóra kæranda stóð til boða framangreind undanþága en nýtti hana ekki í strandveiðiferð skipsins þann 22. júní 2023. Með vísan til framangreinds er ljóst að skipstjóra fiskiskipsins Gammur II SK-120 (2319) var skylt að hirða og landa öllum þeim aflu sem kom í veiðarfæri skipsins umræddan dag, hvort sem hann var lítill, með lífsmarki, illseljanlegur, hrátinn, kraminn eða

skemmdur á annan hátt, nema fyrir hendi hafi verið heimild eða skylda til að sleppa aflanum samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum, en svo var ekki í tilviki málsaðila.

Málatilbúnaður Fiskistofu byggir á vitnisburði og skýrslu veiðieftirlitsmanna sem urðu vitni að brotum skipstjóra skipsins í beinu streymi, en einnig var myndefnið að hluta til tekið upp. Við skoðun á þeim myndbandsupptökum, er liggja fyrir í máli þessu, er að mati Fiskistofu ljóst að umræddur afli féll útbyrðis fyrir beinan tilverksað skipstjóra skipsins í umrætt sinn. Af þeim sökum hafi skipstjóri þess gerst brotlegur gegn ákvæðum framangreindra laga með því að hafa vísvitandi kastað framangreindum afla, sem komið hafði í veiðarfæri, útbyrðis. Sá fiskur sem skipstjóri varpaði fyrir borð áður en upptaka hófs og eftirlitsmenn urðu vitni að, kemur ekki til álita við ákvörðun þessa þar sem ekki var unnt að tegundagreina hann með óyggjandi hætti. Málsatvik eru að mati Fiskistofu ljós og enginn vafi um hina meintu saknæmu háttsemi skipstjóra. Markmið málsmeðferðar stofnunarinnar er að leiða hið sanna og rétta í ljós. Að mati Fiskistofu telst mál þetta vera nægilega upplýst og atvik og staðreyndir málsins, sem þýðingu hafa að lögum, vera sönnuð. Með vísan til málsatvika og eðli brota, vitnisburðar veiðieftirlitsmanna studdum þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu, s.s. skýrslu eftirlitsmanna og þeim myndbandsupptökum er liggja fyrir í málinu, er það niðurstaða Fiskistofu að skipstjóri fiskiskipsins Gammur II SK-120 (2319) hafi gerst sekur um fullframin brot af ásetningi gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 og 6. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006, í veiðiferð skipsins þann 22. júní 2023.

Skipstjóri fiskiskipsins Gammur II SK-120 (2319), braut gegn 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 og 6. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, með því að kasta afla (tveimur ufsum) aftur út í sjó, sem komið hafði í veiðarfæri skipsins, þann 22. júní 2023.

Fyrir brot á lögum nr. 116/2006 og lögum nr. 57/1996 skal Fiskistofa veita áminningar eða svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni. Í 1. mgr. 15. gr. síðar nefndu laganna segir að Fiskistofa skal svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni ef útgerð eða áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa hafa brotið gegn ákvæðum laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim. Í 3. mgr. 15. gr. segir að þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. sama ákvæðis skuli Fiskistofa veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu vegna fyrsta minniháttar brots. Við mat á því hvort um minniháttar brot sé að ræða er m.a. litið til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, fjölda brota, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi. Jafnframt er litið til hvernig verksaðin sjálfum var háttað og aðstæðna að öðru leyti og hvort þær hafi aukið mjög á saknæmi brotsins.

Líta verður til markmiða laga nr. 57/1996 við mat á þeim hagsmunum sem brotin ógna. Lögunum er ætlað að tryggja tvö meginatriði. Í fyrsta lagi að öllum afla sem kemur í veiðarfæri skips sé landað í viðurkenndri höfn og í öðru lagi að allur afli sé veginn og skráður. Í þessu máli er litið til þess að brotin voru ekki til þess fallin að hafa í för með sér ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerðaraðila og/eða tengda aðila enda engin ávinningur sem leiddi af brotum skipstjóra. Eins og áður hefur verið bent á var til staðar heimild fyrir skipstjóra að landa ufsa án þess að sá afli teldist til hámarksaflla skv. 5. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006, sbr. síðari másl. 9. mgr. 6. mr. a. sömu laga. Þrátt fyrir framangreinda heimild skipstjóra, til að telja ekki ufsa til hámarksaflla umræddrar strandveiðiferðar, hafi hann þess í stað ákveðið að kasta ufsa sem kom í veiðarfæri aftur í sjó í andstöðu við lög og stjórnvaldsfyrirmæli, sem sett eru með það að markmiði að stuðla að góðri umgengni um nytjastofna sjávar. Engin ástæða var því til annars fyrir skipstjóra en að hirða og landa öllum ufsa og selja á uppboðsmarkaði eins og reglur kveða



á um, þó svo af því kynni að leiða smávægileg fyrirhöfn eða takmarkaður ávinningur fyrir málsaðila.

Brotin ógna jafnframt hagsmunum sem tengjast aflaskráningu. Fiskveiðistjórnunarkerfið byggir á því að aflaskráning gefi rétta mynd af því hve mikið er veitt úr sameiginlegri auðlind þjóðarinnar og jafnframt til að tryggja að afli tiltekins skips sé innan veiðiheimilda þess. Ríkir almannahagsmunir eru jafnframt fólgnir í því að upplýsingar um veiðar úr nytjastofnum sjávar séu réttar svo hægt sé að áætla stofnstærð og hámarks afkastagetu. Rangar eða ónákvæmar upplýsingar um afla leiða óhjákvæmilega til ónákvæmni í útreikningi varðandi ástand fiskistofna, og þar með eykst hættan á að of nærri þeim verði gengið. Góð umgengni um nytjastofna sjávar er þýðingarmikil í því skyni að stuðla að því að þeir verði nýttir með sjálfbærum hætti er tryggi til langs tíma hámarksafurkastur fyrir íslensku þjóðina.

Við mat á því hvort að um meðvituð gáleysisbrot eða ásetningsbrot hafi verið að ræða, er litið til framgöngu skipstjóra í umræddri veiðiferð, þeirra hagsmuna sem verknaðurinn beindist að í umrætt sinn og til þeirrar staðreyndar að málsaðili (sem jafnframt var skipstjóri í umrætt sinn) ber ábyrgð á því að framkvæmd veiða brjóti ekki í bága við ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 og 6. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006. Myndband þau er liggja fyrir í málinu sýna glögglega framgöngu skipstjóra um borð í umrætt skipti þegar hann varpar afla, sem komið hafði í veiðarfæri skipsins, útbyrðis og aftur í sjó. Í aðdraganda þess sést þegar hann flokkar afla um borð sem lá þar í körum. Sést þegar hann ténir þar upp umrædda ufsa og varpar þeim útbyrðis og aftur í sjó, en færir hins vegar þorsk milli kara. Að mati Fiskistofu hafði framangreind flokkun það að markmiði að skilja frá meðafla sem ekki átti að hirða frá þeim sóknarafla sem hirtur var og landað (þorskur). Að lokinni umræddri veiðiferð landaði skipstjóri 265 kg. af óslægðum þorski en engum ufsa. Jafnframt lítur Fiskistofa til ákvörðunar Fiskistofu dags. 29. september 2022 (tilv. 2022-03-30-1441), þar sem tíðnefnt skip málsaðila var svipt veiðileyfi í tvær vikur og vísað var til hér að framan, en í því máli var um sama skipstjóra að ræða og í máli þessu. Málsaðili er útgerð sem stundar fiskveiðar í atvinnuskyni, og á að vera meðvitaður um að honum beri að fylgja ákvæðum gildandi laga og stjórnvaldsfyrirmæla á sviði fiskveiðistjórnunar eftir því sem við á, við veiðarnar, og þá sér í lagi í kjölfar fyrri ákvörðunar Fiskistofu dags. 29. september 2022. Það er því á hans ábyrgð, að verklag við veiðar sé í samræmi við lög, um borð í þeim fiskiskipum sem hann á og gerir út. Gefur háttsemi skipstjóra í umræddri veiðiferð 22. júní 2023, sem og fyrra mál sem að framan er vísað til, styrka vísbendingu um að brottkast sé viðhaft um borð í umræddu skipi málsaðila í andstöðu við háttarnisreglur laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 og grundvallar markmið þeirra um sjálfbæra nýtingu fiskistofna og góða umgengni um auðlindir sjávar. Það er niðurstaða Fiskistofu, við mat á gögnum málsins, að brot skipstjóra 22. júní 2023 voru framin af beinum ásetningi. Við mat á alvarleika brota lítur Fiskistofa til fjölda fiska sem varpað var fyrir borð í umræddri veiðiferð, á stuttum tíma á meðan eftirliti stóð, að því er virðist án umhugsunar og af ráðnum hug í skeytingarleysi við settar háttarnisreglur í lögum.

Það er niðurstaða Fiskistofu að um minniháttar brot hafi verið að ræða, framin í andstöðu við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 um meðferð afla við framkvæmd fiskveiða. Við mat á viðurlögum í máli þessu telur Fiskistofa að líta verði til fyrra brots málsaðila. Réttaráhrif ítrekunar samkvæmt fyrri ákvörðun gildir í tvö ár frá og með dagsetningu hennar, 29. september 2022. Voru brot málsaðila framin í veiðiferð skipsins þann 22. júní 2023 og því hafa ítrekunaráhrif fyrri ákvörðunar réttaráhrif við ákvörðun viðurlaga í máli þessu skv. 19. gr. laga nr. 57/1996. Að mati Fiskistofu eru ítrekunartengsl brota í fyrri ákvörðun og því máli sem nú er til meðferðar fullnægjandi, enda um sams konar brot að ræða. Þá eru efnisskilyrði 1. mgr. 71. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 jafnframt uppfyllt í tilviki málsaðila.

Í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 segir að við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekuð brot skal svipting ekki standa skemur en fjórar vikur og ekki lengur en eitt ár. Það er niðurstaða Fiskistofu að um ámælisverð ásetningsbrot hafi verið að ræða, framín í trássi við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 og 6. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006 um meðferð afla og framkvæmd fiskveiða á strandveiðum. Við mat á viðurlögum í máli þessu telur Fiskistofa að líta verði til þess að um ítrekuð brot er að ræða. Eins og fram kemur í löskýringargögnum að baki 15. gr. laga nr. 57/1996, sbr. breytingarlög nr. 163/2006, þykir eðlilegt að láta ítrekuð brot gegn umræddum lögum varða sviptingu veiðileyfis, enda þótt um minniháttar brot í skilningi laganna kunni að vera að ræða, eins og um ræðir í máli þessu að mati Fiskistofu, sé lítið til þess magns afla sem skipstjóri varpaði aftur í sjó. Þar sem brotin áttu sér stað á strandveiðitímabili sem er lokið þykir rétt að leyfissvipting samkvæmt ákvörðun þessari taki gildi við útgáfu næsta leyfis til strandveiða bundið við skipið skv. 2. másl. 24. gr. laga nr. 116/2006 sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996. Af þeim sökum telur Fiskistofa að líta verði til eðli veiða og lengd veiðitímabils við ákvörðun viðurlaga. Að því virtu telur Fiskistofa, í ljósi ítrekunaráhrifa skv. 19. gr. laga nr. 57/1996, að teknu tilliti til eðlis og umfangs brotsins, og á grundvelli alls þess sem að framan hefur verið rakið, með hliðsjón af meðalhöfsreglu stjórnarsýsluréttar og sjónarmiða um hófstilla og sanngjarna beitingu opinbers valds, að umrædd brot varði sviptingu strandveiðileyfis í tvær vikur frá og með gildistöku næsta strandveiðileyfis bundið við skipið skv. 2. másl. 24. gr. laga nr. 116/2006.

Fiskistofa sviptir hér með fiskiskipð Gammur II SK-120, skipaskrárnúmer 2319, leyfi til strandveiða í tvær vikur (14) daga frá og með gildistöku næsta strandveiðileyfis bundið við skipið, skv. 1. sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006, vegna ítrekaðra brota gegn 2. mgr. 2. gr. fyrrnefndra laga. Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá og með dagsetningu ákvörðunar skv. 19. gr. laga nr. 57/1996.

Ákvörðun þessa má kæra til matvælaráðuneytisins, Borgatúni 26, 4. hæð, 105 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því hún barst til málsaðila sbr. 18. gr. laga nr. 57/1996. Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á netfangið mar@mar.is. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Vakin er athygli á því að ákvörðun þessi verður birt opinberlega á vefsíðu Fiskistofu á grundvelli 9. gr. laga um Fiskistofu nr. 36/1992.

